



Ársyfirlit Bókmenntahátíðar í Reykjavík 2013

Bókmenntahátíð í Reykjavík var haldin í ellefta sinn dagana 11.-15. september 2013 og að þessu sinni var dagskráin viðameiri en venjulega vegna samstarfsins við samtök rithöfunda, PEN International. Heimsþing samtakanna var haldið í Reykjavík og hófst það 9. september og lauk 13. september.

Var þetta í fyrsta sinn sem heimsþing var haldið í samstarfi við bókmenntahátíð á þingstaðnum og tókst þetta fyrirkomulag svo vel að á komandi heimsþingum er stefnt að sömu uppsetningu. Jafnframt var beiðni PEN International um samstarf við Bókmenntahátíð í Reykjavík staðfesting á mikilvægi hátíðarinnar, en hún hefur verið haldin að jafnaði annað hvert ár síðan 1985 og hefur fyrir löngu fest sig í sessi sem ein helsta bókmenntahátíð í Evrópu.

Starfið á árinu 2013 var með hefðbundnum hætti en það litaðist óneitanlega af samstarfinu við PEN International. Fyrir utan reglubundna stjórnarfundir Bókmenntahátíðar í Reykjavík, sem til eru fundargerðir yfir, var haldinn fjöldi funda með Congress Reykjavík, stjórn PEN á Íslandi og fulltrúum frá Reykjavík bókmenntaborg. Vel gekk að samþætta hátíð og þing og var samstarfið við alla aðila sem að þinginu komu einstaklega gott þegar kom að undirbúningi og framkvæmd.

Fjöldi rithöfunda og útgefenda tók þátt í hátíðinni í ár og var dagskráin viðamikil eins og sjá má í dagskrárþæklingi hátíðarinnar.

Blaðamannaferð var skipulögð í samstarfi við Reykjavík bókmenntaborg á hátíðina og PEN þingið og tókst hún afar vel. Greinar hafa verið birtar, m.a. í Politiken, the Independent, BBC og á the Huffington Post, og hefur þessi blaðamannaferð aukið hróður Bókmenntahátíðar í Reykjavík.

Framkvæmdastjóri Bókmenntahátíðar sér um daglegan rekstur og utnumhald og er skrifstofa hans í Norræna húsinu mánuðina fyrir hátíð, en að öðru leyti er yfirbygging Bókmenntahátíðar lítil sem engin. Framkvæmdastjóri fylgir eftir ákvörðunum stjórnar, skrifar höfundum og öðrum þátttakendum, leggur drög að dagskrá, á í samskiptum við styrktaraðila, leitar til fyrirtækja og sækir um í ýmsa styrktarsjóði. Þá sér framkvæmdastjóri einnig um að fá starfsnema, starfsfólk og sjálfbóðaliða fyrir hátíðina, sjá um heimasíðu hátíðar og facebook síðu.

Eftir að Bókmenntahátíð í Reykjavík lauk tók við uppgjörstími. Styrktaraðilum var skrifað og þeim þakkaður stuðningur, höfundar og aðrir þátttakendur fengu þakkarbréf og uppgjör voru send á styrktarsjóði.



Næst verður blásið til hátíðar dagana 9.-13. september 2015 og verða þá liðin 30 ár síðan Bókmenntahátíð í Reykjavík var haldin fyrst. Undirbúningur þeirrar hátíðar hefst á árinu 2014.

Stjórn Bókmenntahátíðar í Reykjavík skipuðu árið 2013: Sigurður G. Valgeirsson formaður, Halldór Guðmundsson, Einar Kárason, Max Dager, Sjón, Óttarr Proppé, Pétur Már Ólafsson og Þorgerður Agla Magnúsdóttir. Framkvæmdastjóri er Stella Soffía Jóhannesdóttir. Gjaldkeri Bókmenntahátíðar er Aðalheiður Sigurðardóttir.